



Hreppsnefnd 17.11.2005

Hreppsnefnd 17.11.05

Hreppsnefndarfundur fimmtudaginn 17. nóv. 2005 haldinn kl. 14.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Á fundinn voru mættir Aðalbjörn Björnsson, Ólafur Valgeirsson, Steindór Sveinsson, Emil Sigurjónsson, Björn H. Sigurbjörnsson, Borghildur Sverrisdóttir og Ólafur Ármannsson. Jafnframt var mættur Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 20. okt. sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 20. okt. sl.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. mál. Fundargerð bygginganefndar frá 27. okt. sl.

Lögð fram fundargerð bygginganefndar frá 27. okt. sl. Sveitarstjóri Kvaddi sér hljóðs undir 3. tl. fundargerðarinnar "Olíudreifing ehf." Gerði hann grein fyrir erindi Olíudreifingar, þar sem fyrirtækið óskar heimildar til að reisa 2010 m³ olíugeymi.

Nokkarar umræður urðu í framhaldi, þar sem hreppsnefndarmenn lýstu sjónarmiðum sínum.

Hreppsnefnd ítrekar mikilvægi þess að við útgáfu byggingarleyfis verði skilyrt að Olíudreifing flytji tankasvæði sitt í samráði við yfirvöld sveitarfélagsins í heild sinni á tilteknu árabili.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

3. mál. Fundargerð félagsmálanefndar frá 25. okt. sl.

Allmiklar umræður urðu um félagslegt húsnæði, viðhald þess og hvort hugsanlega væri heppilegt að selja hluta þess.

Fundargerð félagsmálanefndar frá 25. okt. sl. að öðru leyti lögð fram til kynningar.

4. mál. Fundargerð menningarmálanefndar frá 2. nóv. sl.

Fundargerð menningarmálanefndar frá 2. nóv. sl. lögð fram til kynningar. Gerð var grein fyrir helstu viðburðum á vegum nefndarinnar.

5. mál. Bréf samgönguráðuneytisins frá 24. okt. sl., varðandi GSM og hraðvirkt netsamband.

Lagt fram bréf Vopnafjarðarhrepps frá 10. okt. sl. til Samgönguráðuneytis og Samgöngunefndar Alþingis, þar sem óskað er liðsinnis þessara aðila um að ljúka uppsetningu á dreifikerfi fyrir GSM og að jafnhliða verði unnið að uppsetningu á hraðvirku netsambandi um allt sveitarfélagið.

Jafnframt lagt fram svarbréf Samgönguráðuneytisins frá 24. okt. sl., þar sem greint er frá því að ráðuneytið hefur falið Póst- og fjarskiptastofnun undirbúning og framkvæmd þessara verkefna þ.m.t. undirbúning útboðs.

Lögð fram svofelld tillaga: "Hreppsnefnd samþykkir að fela sveitarstjóra að fá sérfræðing á þessu sviði til að skilgreina hvað þarf að gera til þess að mögulegt verði að tengja allt dreifbýli Vopnafjarðarhrepps háhraða nettengingu og hvað slíkt kostar. Í framhaldi verði tekin ákvörðun um næstu skref. Ennfremur verði kannað hvernig GSM sambandi verði komið á í dreifbýlinu."

Fyrirliggjandi tillaga samþykkt samhljóða.

6. mál. Bréf umhverfisráðuneytisins frá 20. okt. sl., varðandi skipulagsbreytingu.

Lagt fram bréf Umhverfisráðuneytisins varðandi breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps. Í bréfinu tilkynnir Umhverfisráðuneytið að Skipulagsstofnun hafi yfirfarið málgögn og telji að um óverulega breytingu sé að ræða. Ráðuneytið gerir ekki athugasemd við þá málsmeðferð. Endanleg afgreiðsla ráðuneytisins verður afgreidd eftir að breytingin hefur verið auglýst með tilskyldum fresti og ráðuneytið fengið í hendurnar undirritaða uppdrætti ásamt afriti af auglýsingu.

Breytingin hefur verið auglýst með tilskyldum hætti.

Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að undirrita fyrirbyggjandi uppdrætti að breytingu á aðalskipulagi og senda ráðuneyti umhverfismála til endanlegrar afgreiðslu og undirritunar. Þessi málsmeðferð var samþykkt samhljóða.

7. mál. Bréf Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Austurlandi frá 28. okt. sl., varðandi sérhæft heimili á Vopnafirði.

Lagt fram til kynningar bréf Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Austurlandi frá 28. okt. sl., varðandi sérhæft heimili fyrir fatlaða á Vopnafirði.

Í bréfi Svæðisskrifstofunnar, er greint frá því að stefna Skrifstofunnar byggir á lögum um málefni fatlaðara og þeirri hugmyndafræði, sem liggur að baki þeim um nærþjónustu, eðlilegt líf og þátttöku í samfélaginu.

Á grundvelli þess er það mat Svæðisskrifstofunnar að hugmyndir um uppbyggingu stofnunar fyrir fatlaða á Vopnafirði eins og í skoðun hefur verið á Þorbrandsstöðum, falli ekki að fyrirnefndri stefnu. Að búa til úrræði langt frá *“eftirspurninni”* og flytja fatlað fólk langar leiðir til að veita því þjónustu í þeim tilgangi að skapa störf í héraði, samræmist ekki þeirri hugmyndafræði sem lög um málefni fatlaða byggja á.

8. mál. Vínveitingaleyfi til handa rekstraraðila Hótel Tanga og Félagsheimilisins Miklagarðs. Unnið hefur verið að endurnýjun leyfisbréfa fyrir gistingu -og veitingar á Hótel Tanga og veitingaleyfis í Félagsheimilinu Miklagarði.

Hreppsnefnd samþykkir að veita rekstraraðilum Hótel Tanga og Félagsheimilisins Miklagarðs vínveitingaleyfi, enda liggi fyrir önnur tilskilin leyfi af hendi Heilbrigðiseftirlits Austurlands og Sýslumannsins á Seyðisfirði.

9. mál. Kostnaðaráætlun Verkfræðistofu Austurlands, varðandi möguleika á upphitun sparkvallar á skólalóð.

Lögð fram kostnaðaráætlun unnin af Verkfræðistofu Austurlands dags. 27. okt. sl., þar sem áætlaður er kostnaður við hitunar -og stjórnbúnað fyrir nýjan sparkvöll á skólalóðinni. Áætlunin er miðuð við þrjá valkosti á staðsetningu kyndiklefa, þ.e. í skóla, félagsmiðstöð eða í nýjum skúr við völinn. Stofnkostnaður þessara valkosta er á bilinu 3-3,6 m.kr.

Jafnframt er lagður fram útreikningur á rekstrarkostnaði miðað við tiltekna forsendur á nýtingartíma kyndingarinnar.

Oddviti gerði grein fyrir málinu. All miklar umræður urðu um málið þar sem hreppsnefndarmenn lýstu skoðunum sínum.

Samþykkt var að vísa málinu til afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2006.

10. mál Bréf SSA dags. 7. nóv. sl. varðandi jarðgangaskýrslu, sem unnin var af Háskólanum á Akureyri (Sjá, <http://www.rha.is>).

Gerð var grein fyrir fyrirbyggjandi skýrslu um jarðgöng á Austurlandi, sem unnin var í okt. 2005 af Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri fyrir Samband Sveitarfélaga á Austurlandi. Í skýrslunni er gert mat á samfélagslegum áhrifum og arðsemi alls 14 jarðgangakosta vítt og breytt um Austurland.

Í skýrslunni er mikið af upplýsingum og útreikningum miðað við tiltekna forsendur. Hún er því ágætt hjálpartæki til að meta hina mismunandi jarðganga kosti á Austurlandi.

Af gefnu tilefni minnir hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps á samþykktir frá aðalfundi SSA til margra ára þar sem samþykkt hefur verið að næstu jarðgangakostir á Austurlandi séu jarðgöng milli Vopnafjarðar og Héraðs annars vegar og milli Norðfjarðar og Eskifjarðar hinsvegar. Í þessu sambandi ítrekar hreppsnefndin mikilvægi þess að þegar verði veittir fjármunir til rannsókna á þessum göngum þ.a. unnt verði að bjóða þau út sem fyrst.

11. mál Bréf Félagsmálaráðuneytisins dags. 7. nóv. sl., varðandi endurskoðun á reglum Jöfnunarsjóðs Sveitarfélaga.

Lagt fram bréf félagsmálaráðuneytisins frá 7. nóv. sl. varðandi Endurskoðun á úthlutunarreglum jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í bréfinu er sveitarstjórnnum gefin kostur á að koma athugasemdum og ábendingum á framfæri fram til 7. des. nk.

Sveitarstjóra falið að fara yfir þessi mál og koma ábendingum á framfæri ef þurfa þykir.

12. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Bréf Umhverfisstofnunar frá 2. nóv. sl., varðandi tillögu að starfsleyfi fyrir olúbirgðastöð.

Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar 2. nóv. ásamt tillögu að starfsleyfi til kynningar fyrir almenning. Í erindinu er óskað eftir því að tillagan liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins. Umsagnarfrestur er til 28. des. nk.

b) Bréf Svæðisskrifstofu Austurlands, varðandi umsóknir úr framkvæmdasjóði fatlaðra vegna ársins 2006.

Lagt fram bréf Svæðisskrifstofu Austurlands varðandi umsóknir úr framkvæmdasjóði fatlaðra. Sveitartjóra og atvinnufulltrúa falið að sækja um styrki úr sjóðnum.

Fleira ekki gert og fundi slitið